

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 870/95**

frá 20. apríl 1995

**um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 479/92(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 479/92 frá 25. febrúar 1992 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 1. gr.,

að birtum drögum að þessari reglugerð <sup>(2)</sup>,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu í sjóflutningum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilteknir flokkar samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) geta með samstarfi sem þeir skapa milli skipafélaga, sem eiga aðild að þeim, takmarkað samkeppni á hinum sameiginlega markaði og haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna og geta því fallið undir bannið samkvæmt 1. mgr. 85. gr. sáttmálans.
- 2) Athuganir framkvæmdastjórnarinnar á samningum um skipafélagasamtök (consortium) benda engu að síður til þess að öðru jöfnu megi líta svo á að mikill fjöldi þessara samninga fullnægi kröfum 3. mgr. 85. gr. Skilgreina ber hvaða tegund samninga þetta á við um.
- 3) Framkvæmdastjórnin hefur tekið fullt tillit til sérstakra aðstæðna sem ríkja innan sjóflutninga. Þær munu einnig hafa efnislega þýðingu við mat framkvæmdastjórnarinnar á skipafélagasamtökum sem falla ekki undir flokkaundanþáguna samkvæmt þessari reglugerð.
- 4) Skipafélagasamtök, eins og þau eru skilgreind í þessari reglugerð, stuðla almennt að aukinni framleiðni og bættri þjónustu áætlunarskipafélaga með þeirri hagræðingu sem þau skapa í starfsemi aðildarfélaganna og þeirri hagkvæmni

stórreksturs sem þau leiða til í rekstri skipa og nýtingar hafnaraðstöðu. Þau stuðla og að framförum í tækni og efnahagsmálum með því að auðvelda og hvetja til betri gámanýtingar og nýtingar flutningsgetu skipa.

- 5) Þeir sem nýta sér þjónustu skipafélaga sem hafa myndað með sér samtök njóta oftast með sanngjörnum hætti þess ávinnings sem hlýst af aukinni framleiðni og bættri þjónustu sem þau hafa í för með sér. Ávinningurinn getur komið fram í fjölgun skipaferða og viðkomu í höfnum eða sem bætt tímaáætlun og betri og persónulegri þjónusta með notkun fullkomnari skipa og annars búnaðar, þar á meðal hafnaraðstöðu. Notendur geta því aðeins haft raunverulegan hagnað af skipafélagasamtökum að næg samkeppni sé fyrir hendi í þeim flutningum sem slík samtök stunda.
- 6) Því ætti flokkaundanþága að gilda um þessa samninga, að því tilskildu að þeir gefi ekki viðkomandi fyrirtækjum færi á að útrýma að mestu samkeppni í þeim flutningum sem um ræðir. Tilgangur þessarar reglugerðar er að skýra þau skilyrði sem skipafélagasamtök verða að uppfylla til að hagnast af þeirri flokkaundanþágu sem hún veitir svo unnt sé að taka tillit til stöðugra breytinga á sjóflutningamarkaðinum og örra breytinga sem aðilar gera á ákvæðum samninga um skipafélagasamtök eða á þeirri starfsemi sem samningarnir kveða á um.
- 7) Eitt af helstu einkennum skipafélagasamtaka er, að því er varðar að stofna til og reka þjónustu í sameiningu, sveigjanleg flutningsgeta. Um slíkt er þó ekki að ræða ef flutningsgeta skipa sem eru notuð á vegum skipafélagasamtaka takmörkuð um tiltekna prósentu.
- 8) Flokkaundanþágan sem þessi reglugerð veitir tekur bæði til skipafélagasamtaka sem starfa innan samsiglingakerfis og skipafélagasamtaka sem starfa utan slíks kerfis, að því undanskildu að hún fjallar ekki um samráð um farmgjöld.
- 9) Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86 <sup>(3)</sup>, eins og henni var breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, er fjallað um gjaldskrárákvarðanir. Aðilar að skipafélagasamtökum sem vilja hafa samráð um gjaldskrár og uppfylla ekki skilyrði reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 verða að sækja um einstakar undanþágur.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 89, 21. 4. 1995, bls. 7, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/96 frá 1. mars 1996 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 55, 29. 2. 1992, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 63, 1. 3. 1994, bls. 8.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 378, 31. 12. 1986, bls. 4.

- 10) Fyrsta skilyrðið fyrir flokkaundanþágunni ætti að vera að réttmætt sé að þeir sem færa sér flutningana í nyt njóti þess ávinnings sem fæst með aukinni skilvirkni og annars ávinnings sem felst í skipafélagasamtökum.
- 11) Líta skal svo á að þessari kröfu 3. mgr. 85. gr. sé fullnægt þegar skipafélagasamtök starfa við einhverjar þær aðstæður sem er lýst hér að aftan:
- virk verðsamkeppni er milli aðila að samsiglingakerfinu, sem samtökin starfa innan, er rekja má til sjálfstæðra gjaldskrárákvarðana,
  - nægileg virk samkeppni er, að því er varðar flutningaþjónustu innan samsiglingakerfisins sem samtökin starfa innan, milli aðila að samtökunum og annarra aðila að samsiglingakerfinu sem eru ekki aðilar að samtökunum þar eð samningurinn um samsiglingakerfið heimilar skipafélagasamtökum ótvírætt að bjóða fram sína eigin þjónustuskilmála, t.d. að skipafélagasamtök bjóði fram eitt og sér „rétt í tæka tíð“ afhendingarþjónustu eða þróaða tölvuvædda upplýsingamiðlun (Electronic Data Interchange - EDI), sem gerir notendum ávallt kleift að vita hvar vörur þeirra eru hverju sinni, eða að fjölga ferðum að miklum mun eða eiga oftar viðkomu í tengslum við þá þjónustu sem skipafélagasamtök veita samanborið við þá sem samsiglingakerfið veitir,
  - aðilar að samtökunum mæta virkri, raunverulegri eða hugsanlegri samkeppni frá flutningafyrirtækjum sem eru ekki aðilar að samtökunum, hvort sem samsiglingakerfi er starfrækt í viðkomandi flutningum eða ekki.
- 12) Til þess að unnt verði að uppfylla þessa sömu kröfu í 3. mgr. 85. gr. þarf að setja ákvæði sem getur stuðlað að samkeppni um betri þjónustu milli aðila að samtökunum sem og milli þeirra og annarra skipafélaga sem stunda samskonar flutninga.
- 13) Setja ætti þau skilyrði að skipafélagasamtök og aðilar að þeim noti ekki mismunandi gjaldskrár og flutningsskilmála á sömu flutningaleið einvörðungu á grundvelli upprunlands farms eða þess lands sem er ákvörðunarstaður hans og orsaki þannig stefnubreytingu í viðskiptum innan bandalagsins sem skaðað getur tiltekna hafnir, farmsendendur, flytjendur eða þá sem veita þjónustu í tengslum við flutninga, nema unnt sé að réttlæta þess konar gjaldskrár og flutningsskilmála á efnahagslegum forsendum.
- 14) Skilyrðin ættu og að miða að því að koma í veg fyrir að skipafélagasamtök geti komið á samkeppnishömlum sem eru óþarfar til að ná þeim markmiðum sem eru forsenda þess að undanþágan sé veitt. Í þessu skyni ættu að vera ákvæði í samningum um skipafélagasamtök sem gera öllum skipafélögum sem eru aðilar að slíkum samningum kleift að draga sig út úr samtökunum með sanngjörnum fyrirvara. Samt sem áður ber, í tilvikum þegar um mjög samþætt skipafélagasamtök er að ræða eða samtök með stórar fjárfestingar, að kveða á um lengri fyrirvara til að taka megi tillit til stærri fjárfestinga sem gerðar hafa verið til að koma þeim á fót og umfangsmeiri endurskipulagningar samfara því að samningsaðili yfirgefur samtökin. Einnig ber að tilskilja að þar sem skipafélagasamtök starfa með sameiginlegu markaðsfyrirkomulagi hafi hver samningsaðili rétt til að taka þátt í óháðu markaðsstarfi, að því tilskildu að hann tilkynni það með sanngjörnum fyrirvara.
- 15) Undanþága skal einungis veitt skipafélagasamtökum sem eiga þess ekki kost að útrýma samkeppni að verulegum hluta á því þjónustusviði sem um er að ræða.
- 16) Að því er flokkaundanþágu varðar og af ástæðum sem varða réttaröryggi ber að taka mið af hluta viðkomandi skipafélagasamtaka í beinum viðskiptum milli þeirra viðkomuhafna sem þau þjóna og reikna hann út á grundvelli allra hafnanna.
- 17) Til að unnt sé að ákvarða, að því er einstaka undanþágu varðar, hvort um virka samkeppni sé að ræða ber bæði að taka tillit til beinna viðskipta milli viðkomuhafna skipafélagasamtaka og samkeppni frá öðrum áætlunarskipafélögum sem sigla frá höfnum sem gætu komið í stað þeirra sem skipafélagasamtök þjóna og einnig, þar sem við á, til annars konar flutningsmáta.
- 18) Sú flokkaundanþága sem er veitt samkvæmt þessari reglugerð gildir af þessum ástæðum einungis með því skilyrði að hlutur skipafélagasamtaka í viðskiptum fari ekki yfir gefið mark.
- 19) Viðskiptahlutur skipafélagasamtaka innan samsiglingakerfis ætti að vera minni með tilliti til þess að þeir samningar sem um ræðir eru viðbót við samkeppnishamlandi samning sem í gildi er í sömu flutningum.
- 20) Samt sem áður er við hæfi að bjóða skipafélagasamtökum sem fara yfir þau mörk sem eru sett fram í þessari reglugerð um tiltekinn hundradshluta, en sem taka áfram þátt í virkri samkeppni í þeim flutningum sem þau stunda, einfaldaða málsmeðferð til þess að þau geti haft ávinning af því réttaröryggi sem flokkaundanþágur veita. Slík málsmeðferð verður einnig að gera framkvæmdastjórninni kleift að halda uppi virku eftirliti og einfalda umsjón stjórnisýslu með samningum.
- 21) Skipafélagasamtök sem fara yfir mörkin sem fyrr var getið geta samt sem áður haft ávinning af undanþágu í einstaka tilvikum, að því tilskildu að þau uppfylli skilyrði 3. mgr. 85. gr., að teknu tilliti til þeirra sérstöku aðstæðna sem ríkja innan sjóflutninga.

- 22) Þessi reglugerð gildir aðeins um samninga sem gerðir eru milli aðila að skipafélagasamtökum. Flokkaundanþágan gildir því ekki um samkeppnishamlandi samninga sem eru gerðir annars vegar milli skipafélagasamtaka eða eins eða fleiri aðila að þeim og hins vegar milli annarra skipafélaga. Hún gildir heldur ekki um samkeppnishamlandi samninga milli ólíkra skipafélagasamtaka sem stunda samskonar flutninga eða milli aðila að slíkum samtökum.
- 23) Vissar skuldbindingar fylgja flokkaundanþágum. Flutningsþegar skulu í þessu tilliti ávallt vera í aðstöðu til að kynna sér þau skilyrði sem gilda um flutningaþjónustu á sjó sem aðilar að skipafélagasamtökum reka sameiginlega. Kveða ber á um raunverulegt og skilvirkt samráð milli skipafélagasamtaka og flutningsþega um þá starfsemi sem samningarnir fjalla um. Í þessari reglugerð er og tilgreint við hvað er átt með raunverulegu og skilvirku samráði og hvernig framvinda slíks samráðs skuli vera í megin atriðum. Kveðið er á um fyrrnefnt lögboðið samráð, sem takmarkast við eiginlega starfsemi samtakanna, með tilliti til þess hve sá markaður sem um ræðir er opin um þessar mundir. Verði þessari reglugerð breytt þarf að endurskoða hvort viðhalda beri þessari kröfu í ljósi þess hvernig markaðurinn þróast.
- 24) Fyrrnefnt samráð er líklegt til að festa í sessi skilvirkari flutningaþjónustu á sjó sem tekur mið af kröfum notenda. Því ber að undanþiggja vissar samkeppnishömlur sem kynnu að fylgja í kjölfar slíks samráðs.
- 25) Í þessari reglugerð hefur hugtakið óviðráðanlegar aðstæður (force majeure) sömu merkingu og fram kemur í viðtekinni réttarfrankvæmd dómstóls Evrópubandalaganna.
- 26) Kveða ber á um að tilkynna beri framkvæmdastjórninni án tafar um úrskurði gerðardóms og tillögur sáttasemjara sem málsaðilar samþykka til þess að hún geti gengið úr skugga um að skipafélagasamtök séu ekki með því undanþegin skilyrðum og skuldbindingum sem kveðið er á um í reglugerðinni og brjóti þannig ekki í bága við ákvæði 85. og 86. gr.
- 27) Í þessari reglugerð ber að kveða á um, í samræmi við 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 479/92, að hún gildi með afturvirkum hætti um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem voru í gildi við gildistöku hennar, að því tilskildu að þau samræmist skilyrðum og skuldbindingum sem þessi reglugerð fjallar um.
- 28) Nauðsyn ber til að kveða á um að bannið sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 85. gr. sáttmálans gildi ekki, meðan tilgreint tímabil varir, um samninga um skipafélagasamtök sem í gildi eru við gildistöku þess og samræmast ekki skilyrðum 3. mgr. 85. gr., eins og tilgreint er í þessari reglugerð, hafi þeim verið breytt næstu sex mánuði eftir gildistöku þessarar reglugerðar í þeim tilgangi að uppfylla skilyrði hennar og hafi breytingarnar verið tilkynntar framkvæmdastjórninni.
- 29) Kveða ber á um sanngjarna og jákvæða meðferð skipafélagasamtaka sem eru til við gildistöku þessarar reglugerðar og uppfylla skilyrði hennar að öðru leyti en því að fara fram úr mörkum um markaðshlut sem samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar eru skilyrði fyrir undanþágu.
- 30) Nauðsynlegt er að tilgreina, í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 479/92, þau tilvik þar sem framkvæmdastjórninni er heimilt að svipta fyrirtæki ávinningi flokkaundanþágu.
- 31) Óþarft er að senda umsókn samkvæmt 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 vegna samninga sem eru sjálfkrafa undanþegnir samkvæmt þessari reglugerð. Þegar fyrirtæki eru í raunverulegum vafa er þeim heimilt að óska þess að framkvæmdastjórnin lýsi yfir hvort samningar þeirra samræmist ákvæðum þessarar reglugerðar.
- 32) Ákvæði þessarar reglugerðar eru með fyrirvara um beitingu 86. gr. sáttmálans.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****I. KAFLI****SKILGREININGAR OG GILDISSVIÐ****1. gr.****Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „*skipafélagasamtök (consortium)*“: samningur milli tveggja eða fleiri flutningsaðila í skiparekstri, sem veita alþjóðlega flutningaþjónustu með áætlunarferðum, einvörðungu í vöruflutningum og aðallega með gámum, sem tengist tiltekinni grein, sem miðar að því að koma á samstarfi um sameiginlegan rekstur í sjóflutningum til að bæta þá þjónustu sem hver og einn samningsaðili myndi annars veita ef um samtök væri ekki að ræða og að því að hagræða starfsemi þeirra með ráðstöfunum á sviði tækni, reksturs og/eða viðskipta, að verðákvörðunum undanskildum;
- „*áætlunarflutningar á tilteknum siglingaleiðum*“: reglubundnir vöruflutningar á tiltekinni leið eða leiðum milli hafna í samræmi við tímaáætlanir og fyrirframauglýsta siglingadaga og sem öllum flutningsþegum stendur til boða gegn greiðslu, jafnvel þó að um stopula flutninga sé að ræða;
- „*þjónustufyrirkomulag*“: er samningsbundið fyrirkomulag staðfest milli eins eða fleiri flutningsþega og einstaks aðila að skipafélagasamtökum eða samtakanna sjálfra sem gerir ráð fyrir því að notandi, gegn því að skuldbinda sig til að láta þann síðarnefnda annast fyrir sig vöruflutninga í

tilteknu magni í tiltekinn tíma, hljóti staðfestingu þess efnis að aðilinn að skipafélagasamtökunum eða samtökin veiti í einstaka tilviki sérstaka þjónustu ákveðins eðlis og sérstaklega sniðna að þörfum hans;

- „*flutningsþegi*“: fyrirtæki (t.d. farmsendandi, viðtakandi, miðlari o.s.frv.), sem gert hefur eða látið í ljós vilja til að gera bindandi samkomulag við skipafélagasamtök (eða einn aðila að þeim) um vöruflutninga, eða samband farmsendenda;
- „*sjálfstæð gjaldskrárákvörðun*“: réttur aðila að samsiglingakerfi til að bjóða, í stökum tilvikum og þegar um vörur er að ræða, farmgjöld sem víkja frá gjöldum sem mælt er fyrir um innan samsiglingakerfisins, að því tilskildu að öðrum aðilum innan þess sé tilkynnt þar um.

## 2. gr. Gildissvið

Þessi reglugerð gildir einvörðungu um skipafélagasamtök að því marki sem þau veita alþjóðlega flutningaþjónustu með áætlunarferðum á tiltekinni leið til eða frá einni eða fleiri höfum innan bandalagsins.

## II. KAFLI UNDANÞÁGUR

### 3. gr. Undanþegnir samningar

1. Því er hér með lýst yfir, samkvæmt 3. mgr. 85. gr. sáttmálans og með fyrirvara um skilyrði og skuldbindingar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, að 1. mgr. 85. gr. sáttmálans gildir ekki um starfsemi sem er talin upp í 2. mgr. þessarar greinar ef hún fer fram samkvæmt samningum um skipafélagasamtök eins og skilgreint er í 1. og 2. gr. þessarar reglugerðar.

2. Yfirlýsingin um að 1. mgr. 85. gr. sáttmálans gildi ekki á einungis við um eftirfarandi starfsemi:

- a) starfsemi í tengslum við sameiginlegan rekstur áætlunarflutningar á tilteknum siglingaleiðum sem felst einvörðungu í eftirfarandi:
  - i) samræmingu og/eða sameiginlegri ákvörðun um ferðaáætlanir og viðkomuhafnir,
  - ii) skiptum, sölu eða víxl-leigu á rými eða hólfum um borð í skipum,
  - iii) samnýtingu skipa og/eða hafnarmannvirkja,
  - iv) rekstri einnar eða fleiri skrifstofa fyrir sameiginlegan rekstur,
  - v) útvegum gáma, undirvagna og annars búnaðar og/eða leigu, kaupleigu eða kaupum á slíkum tækjabúnaði,
  - vi) notkun tölvuvæddrar upplýsingamiðlunar og/eða sameiginlegs skráningarkerfis;

- b) tímabundna stýringu flutningsgetu;
- c) sameiginlegan rekstur eða notkun hafnarmiðstöðva og tengdrar þjónustu (t.d. lektuþjónustu eða lestunar- og losunarþjónustu);
- d) þátttöku í einu eða fleiri af eftirfarandi samlögum: samlagi um tonnafjölda, hagnað eða nettóhagnað;
- e) sameiginlega nýtingu atkvæðisréttar skipafélagasamtaka innan samsiglingakerfisins þar sem aðilar að samtökunum starfa, að því marki sem sameiginlegu atkvæðin varða eiginlega starfsemi samtakanna;
- f) sameiginlegt fyrirkomulag markaðssetningar og/eða útgáfu sameiginlegs farmskírteinis;
- g) aðra starfsemi sem er stoðstarfsemi við þá sem um getur hér að framan í a- til f-lið og er nauðsynleg til að halda henni gangandi.

### 4. gr. Takmörkuð nýting flutningsgetu

Undanþágan sem kveðið er á um í 3. gr. gildir ekki um skipafélagasamtök ef slík samtök gera ráðstafanir til að takmarka nýtingu flutningsgetu, sem er fyrir hendi, með því að áætlunarskipafélög sem eru aðilar að skipafélagasamtökunum láti ónotaðan tiltekinn hundraðshluta af flutningsgetu skipa sem starfrækt eru innan vébanda samtakanna.

## III. KAFLI

### SKILYRÐI FYRIR UNÐANÞÁGU

#### 5. gr. Grunnskilyrði fyrir veitingu undanþágu

Undanþágan sem kveðið er á um í 3. gr. gildir aðeins að því tilskildu að eitt eða fleiri skilyrðanna hér að aftan séu uppfyllt:

- virk verðsamkeppni sé milli aðila að samsiglingakerfinu, sem skipafélagasamtökin starfa innan, af þeirri ástæðu að samningurinn um samsiglingakerfið heimilar fyrrnefndum aðilum með skýrum hætti, annaðhvort samkvæmt lagaskyldu eða með öðrum hætti, að ákvarða sjálfstætt öll farmgjöld sem kveðið er á um í gjaldskrá samsiglingakerfisins, eða
- innan samsiglingakerfisins, sem skipafélagasamtökin starfa innan, sé nægilega virk samkeppni milli þeirra sem eiga aðild að kerfinu að því er varðar þá þjónustu sem í boði er, af þeirri ástæðu að í samningnum um samsiglingakerfið sé skýr heimild til handa samtökunum að bjóða fram sitt eigið þjónustufyrirkomulag, í hvaða mynd sem er, að því er varðar tíðni og eðli flutningaþjónustu sem veitt er og einnig að laga þá þjónustu sem það veitir hvenær sem er að sérstökum

óskum flutningsþega, eða

- aðilar að skipafélagasamtökunum eigi í virkri samkeppni, raunverulegri eða hugsanlegri, við áætlunarskipafélög sem eru ekki aðilar að samtökunum, hvort sem samsiglingakerfi er starfrækt í viðkomandi flutningum eða ekki.

#### 6. gr.

##### Skilyrði með tilliti til hlutar eða flutninga

1. Ef undanþágan samkvæmt 3. mgr. á að ná til skipafélagasamtaka þarf hlutur þeirra í beinum flutningum til hafna sem þau þjóna að vera undir 30% reiknað út sem vörumagn sem flutt er (farmtonn eða tuttugu feta gámaeining (TEU)) ef þau starfa innan samsiglingakerfis og undir 35% ef þau starfa utan slíks kerfis.
2. Undanþágan sem kveðið er á um í 3. gr. gildir áfram ef sá hlutur í flutningum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar vex ekki umfram einn tunda tvö almanaksár í röð.
3. Ef farið er yfir annað þeirra leyfilegu hámarka sem tilgreind eru í 1. og 2. mgr. gildir undanþágan sem kveðið er á um í 3. gr. í sex mánuði eftir lok þess almanaksárs þegar það gerðist. Lengja skal tímabilið í 12 mánuði ef ástæða þess að farið er yfir markið er sú að flutningsaðili sem ekki er aðili að samtökunum hefur dregið sig út úr flutningunum.

#### 7. gr.

##### Andmælum hreyft

1. Undanþágan sem kveðið er á um í 3. og 10. gr. gildir einnig um skipafélagasamtök með hlut í flutningum sem fer yfir þau mörk sem mælt er fyrir um í 6. gr., en fer samt sem áður ekki yfir 50% af beinum flutningum, með þeim skilyrðum að framkvæmdastjórninni sé tilkynnt um þá samninga sem um ræðir í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 4260/88 <sup>(1)</sup> og að framkvæmdastjórnin andmæli ekki slíkri undanþágu innan sex mánaða.
2. Sex mánaða tímabilið hefst daginn sem framkvæmdastjórninni berst tilkynning. Berist tilkynning hins vegar í ábyrgðarpósti hefst tímabilið sama dag og sendingardaginn sem kemur fram á póststimplinum.
3. Ákvæði 1. mgr. gilda aðeins ef:
  - a) vísað er með skýrum hætti til þessarar greinar í tilkynningunni eða orðsendingu með henni;
 og
  - b) upplýsingar sem fylgja tilkynningunni eru tæmandi og í samræmi við staðreyndir málsins.
4. Einnig er heimilt að krefjast þess að samningar sem tilkynnt er um fyrir gildistöku þessarar reglugerðar njóti þess ávinnings sem mælt er fyrir um í 1. mgr. með því að senda

framkvæmdastjórninni orðsendingu þar sem vísað er með skýrum hætti til þessarar greinar og tilkynningarinnar. Ákvæði 2. mgr. og b-liðar 3. gr. gilda að breyttu breytanda.

5. Framkvæmdastjórninni er heimilt að andmæla undanþágunni. Hún skal andmæla undanþágunni berist henni beiðni um slíkt frá aðildarríki innan þriggja mánaða frá því að aðildarríkinu var send tilkynningin sem um getur í 1. mgr. eða orðsendingin sem um getur í 4. mgr. Beiðnin skal rökstudd á grundvelli samkeppnisreglna sáttmálans.

6. Framkvæmdastjórninni er heimilt að draga andmæli sín gegn undanþágunni til baka hvenær sem er. Hafi andmælin komið fram að beiðni aðildarríkis og henni verið haldið til streitu skulu þau einungis dregin til baka að undangengnu samráði innan ráðgjafarnefndarinnar um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu í sjóflutningum.

7. Séu andmælin dregin til baka af þeirri ástæðu að viðkomandi fyrirtæki hafi sýnt fram á að skilyrðum 3. mgr. 85. gr. hafi verið fullnægt skal undanþágan gilda frá tilkynningardegi.

8. Séu andmælin dregin til baka af þeirri ástæðu að viðkomandi fyrirtæki hafi breytt samningnum í þá veru að skilyrðum 3. mgr. 85. gr. sé fullnægt gildir undanþágan frá þeim degi sem breytingarnar öðlast gildi.

9. Andmæli framkvæmdastjórnin undanþágu og dregur þau ekki til baka hefur tilkynningin þau áhrif sem kveðið er á um í II. þætti reglugerðar (EBE) nr. 4056/86.

#### 8. gr.

##### Önnur skilyrði

Réttur til undanþágu sem kveðið er á um í 3. og 10. gr. er háður eftirfarandi skilyrðum:

1. Skipafélagasamtök skulu heimila öllum aðilum að bjóða fram eigið þjónustufyrirkomulag á grundvelli einstaks samnings.
2. Fyrirtækjum sem eiga aðild að samningi um skipafélagasamtök skal með slíkum samningi tryggður réttur til að draga sig út úr samtökunum án þess að til komi fjársektir eða önnur viðurlög, t.d., einkum og sér í lagi, skuldbinding þess efnis að hætta öllum flutningum á því sviði sem um ræðir, hvort sem það skilyrði fylgir eða ekki að heimilt sé að hefja slíka starfsemi á ný að tilteknum tíma liðnum. Fyrirnefndur réttur er háður lengst sex mánaða uppsagnarfresti, þó með þeim hætti að um uppsögn getur fyrst verið að ræða 18 mánuðum eftir að samningurinn gengur í gildi.

Þegar um er að ræða mjög samþætt skipafélagasamtök með samlag um nettóhagnað og/eða umfangsmiklar fjárfestingar, sem rekja má til kaupa eða leigu aðila að því

<sup>(1)</sup> Stjóttíð. EB nr. L 376, 31. 12. 1988, bls. 1.

- á skipum, sérstaklega vegna stofnunar samtakanna, skal uppsagnarfrestur vera lengst sex mánuðir sem heimilt er að nýta 30 mánuðum eftir að samningurinn gengur í gildi.
3. Starfi skipafélagasamtök að sameiginlegri markaðssetningu skal aðilum að þeim engu að síður frjálst að stunda sjálfstæða markaðssetningu án þess að viðurlögum sé beitt, að því tilskildu að þeir tilkynni um það með sex mánaða fyrirvara.
  4. Hvorki skipafélagasamtök né aðilar að þeim skulu valda tilteknum höfnum, notendum eða flutningsaðilum innan hins sameiginlega markaðar tjóni með því að beita ólíkum gjöldum og flutningsskilmálum gagnvart mismunandi uppruna- eða móttökulöndum eða lestunar- eða losunarhöfnum, að því er varðar flutning á sams konar vörum og innan þess svæðis sem samningurinn nær til, nema unnt sé að færa efnahagsleg rök fyrir slíkum gjöldum eða skilmálum.

#### IV. KAFLI

#### SKULDBINDINGAR

##### 9. gr.

##### Skuldbindingar sem fylgja undanþágu

Eftirfarandi skuldbindingar fylgja undanþágunni sem kveðið er á um í 3. gr.:

1. Fara skal fram raunverulegt og skilvirkt samráð milli notenda, eða samtaka sem koma fram fyrir þeirra hönd, annars vegar og skipafélagasamtaka hins vegar sem miðar að því að leysa öll helstu mál önnur en minni háttar rekstrarmálefni sem varða skilyrði og eðli áætlunarflutninga á sjó sem samtökin eða aðilar að þeim bjóða.

Samráð skal fara fram ef annar fyrrnefndra aðila fer fram á það.

Samráð skal fara fram, nema þegar um óviðráðanlegar aðstæður er að ræða, áður en gripið er til ráðstafana sem eru tilefni þess. Ef aðilar að skipafélagasamtökunum eru tilneyddir, vegna óviðráðanlegra aðstæðna, að hrinda ákvörðun í framkvæmd áður en samráð hefur farið fram skal samráð sem óskað hefur verið eftir fara fram innan 10 virkra daga frá því að beiðni var sett fram. Ekki ber að tilkynna um aðgerðir opinberlega áður en samráð fer fram, nema þegar um fyrrnefndar óviðráðanlegar aðstæður er að ræða sem vísa ber til í tilkynningu um ráðstafanir.

Samráðið skal fara þannig fram stig af stigi:

- a) skipafélagasamtökin skulu tilkynna hinum aðilanum skriflega um efni samráðsins áður en það fer fram;

- b) aðilar skiptast á skoðunum annaðhvort með skriflegum hætti eða á fundum, eða hvort tveggja, þar sem fulltrúar skipafélagasamtakanna og farmsendendanna sem taka þátt í samráðinu hafa umboð til að komast að sameiginlegri niðurstöðu og skulu aðilar leggja sig fram um að ná því marki;
  - c) komist aðilar ekki að sameiginlegri niðurstöðu þrátt fyrir viðleitni beggja skal viðurkennt að um ósamkomulag sé að ræða og það tilkynnt opinberlega. Hvor aðli um sig getur vakið athygli framkvæmdastjórnarinnar á því;
  - d) aðilar geta, ef unnt er, komið sér saman um sanngjarnan frest til að ljúka samráðinu. Fresturinn skal ekki vera skemmri en einn mánuður, nema í undantekningartilvikum eða þegar aðilar koma sér saman um annað.
- 2) Skilmálar varðandi flutningaþjónustu á sjó sem skipafélagasamtök og aðilar að þeim veita, meðal annars skilmálar um eðli slíkrar þjónustu og allar viðkomandi breytingar, skulu aðgengilegir flutningsþegum gegn sanngjörnu gjaldi, ef þeir óska, og liggja frammi á skrifstofum aðila að samtökunum til skoðunar þeim að kostnaðarlausu, eða hjá samtökunum sjálfum, og umboðsmönnum þeirra.
  - 3) Skipafélagasamtök skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um úrskurði gerðardóms og tillögur sáttasemjara sem aðilar hafa samþykkt og setja niður deilur um starfshætti skipafélagasamtaka sem falla undir þessa reglugerð.
  - 4) Skipafélagasamtök sem vilja hafa ávinning af þessari reglugerð skulu, að fengnum fresti sem framkvæmdastjórnin ákveður í hverju tilviki um sig og ekki er skemmri en einn mánuður, geta sýnt fram á, ef framkvæmdastjórnin óskar þess, að skilyrði og skuldbindingar sem felast í 5. til 8. gr. og 1. og 2. tölul. þessarar greinar séu uppfyllt og senda henni þann samning um skipafélagasamtök sem um ræðir innan fyrrnefnds frests.

##### 10. gr

##### Undanþága vegna samninga milli flutningsþega og skipafélagasamtaka um nýtingu áætlunarflutningaþjónustu á sjó

Samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir milli annars vegar notenda, eða samtaka sem koma fram fyrir þeirra hönd, og hins vegar skipafélagasamtaka með undanþágu samkvæmt 3. gr., varðandi skilmála og eðli áætlunarflutninga á tilteknum skipaleiðum sem samtökin annast og öll almenn atriði sem tengjast slíkum flutningum, að því marki sem þau má rekja til samráðsins sem kveðið er á um í 1. tölul. 9. gr., eru hér með undanþegin banninu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 85. gr. sáttmálans.

**V. KAFLI****ÝMIS ÁKVÆÐI****11. gr.****Þagnarskylda**

1. Vitneskju, sem aflað er samkvæmt 7. gr. og 4. tölul. 9. gr., skal einungis nota í málum er falla undir þessa reglugerð.
2. Framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna, embættismönnum þeirra og öðrum opinberum starfsmönnum, er óheimilt að láta öðrum í té vitneskju, sem þeir öðlast við það að beita ákvæðum þessarar reglugerðar og er þess eðlis að hún falli undir þagnarskyldu embættismanna.
3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir birtingu almennra upplýsinga eða kannana sem fela ekki í sér upplýsingar um einstök fyrirtæki eða samtök fyrirtækja.

**12. gr.****Afturköllun flokkaundanþágu**

Framkvæmdastjórninni er heimilt að afturkalla þann ávinning sem hlýst af þessari reglugerð, í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 479/92, í ákveðnum tilvikum þegar samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem njóta undanþágu samkvæmt þessari reglugerð hafa samt sem áður tiltekin áhrif sem eru í ósamræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um 3. mgr. 85. gr. eða eru óheimil samkvæmt 86. gr. sáttmálans, einkum þegar:

1. í tilteknum flutningum, ekki er fyrir hendi virk samkeppni utan samsiglingakerfisins sem skipafélagasamtökin starfa innan eða utan tiltekinna skipafélagasamtaka;
2. hvað eftir annað bregst að skipafélagasamtök standi við þær skuldbindingar sem kveðið er á um í 9. gr.;

3. framferði skipafélagasamtaka hefur áhrif sem stangast á við 86. gr. sáttmálans;
4. slík áhrif eru afleiðing úrskurðar gerðardóms.

**13. gr.****Lokaákvæði**

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*. Reglugerðin gildir í fimm ár frá þeim degi er hún öðlast gildi.

Hún gildir með afturvirkum hætti um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem voru í gildi við gildistöku hennar, frá þeim tíma sem skilyrðum fyrir undanþágu var fullnægt.

Þegar um ræðir samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem voru í gildi við gildistöku þessarar reglugerðar og uppfylltu þann dag ekki skilyrði og skuldbindingar samkvæmt ákvæðum hennar skal bannið sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 85. gr. sáttmálans ekki gilda um tímabilið áður en þeim var breytt í því skyni að uppfylla þessi skilyrði, að því tilskildu að slíkar breytingar hafi verið gerðar innan sex mánaða frá gildistöku reglugerðarinnar og tilkynntar framkvæmdastjórninni innan sama frests.

Samt sem áður er heimilt, í sex mánuði eftir gildistöku þessarar reglugerðar, að hreyfa andmælum, eins og kveðið er á um í 7. gr., gegn skipafélagasamtökum sem halda sig ekki innan þeirra marka sem hlutur þeirra í flutningum segir til um, en uppfylla samt sem áður önnur skilyrði sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. apríl 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Franz FISCHLER**

framkvæmdastjóri.